

# Þjóðbrókarbót

2. árgangur, 1. tölublað.

Febrúar 1994

## Jólablótíð

Jólablótíð var haldið 17 desember heima hjá Rakel. Eftir að hafa setið sveitt yfir prófi um morguninn fannst sumum gott að slappa af yfir heitu jólaglöggi og narta í piparkökurnar. En því miður voru margir sem ekki gátu séð sér fært um að koma.

Strax eftir prófið gerðum við út leiðangur til þess að kaupa inn fyrir blótíð. Stefnan var sett á Hagkaup og eftir að hafa ráfað um búðina í nokkurn tíma var flest það sem kaupa átti komið í körfuna. Þá átti aðeins eftir að fara í Ríkið og versla þar fyrir glöggið. En svo óheppilega vildi til að enginn peningur var með í för, aðeins VISA-kort, og það vilja þeir ekki sjá. Rakel sagðist þá myndi fara heim og sækja heftið og fara eftir það í Ríkið. En þegar kom heim uppgötvaði hún að ekkert blað var í heftinu og klukkan orðin fjögur. Fór hún þá í snarhasti, í vinnuna, til mömmu sinnar til að biðja hana um að lána sér en hún hafði enga peninga á sér. Nú voru góð ráð dýr, ekki var

hægt að hafa glöggð óáfengt. Eina ráðið var að fara og fá peninga hjá gjaldkera Þjóðfræðinema en hann er búsettur í Kópavoginum. Það var brunað þangað og loks náð í Ríkið á síðustu stundu.

Allir sem mættu voru sammála um að blótið hafi tekist vel í alla staði.

---

Kennari: Hví svarar þú mér ekki þegar ég spyr?

Jón: Ég svaraði. Ég hristi höfuðið.

Kennari: Heldurðu að ég heyri hringla í því alla leið hingað?

---

## Nemendaráðgjafar í Þjóðfræði

Á haustönn var gert átak til að fá nemendaráðgjafa til starfa í flestum deildum og skorum Háskólans. Markmiðið með störfum þeirra er að gera yngri nemendum kleift að nálgast allrahandu upplýsingar frá eldri nemum um námið og málefni tengd þeirri námsgrein sem þeir leggja stund á. Þeir nemendur sem valdir voru til að vera nemendaráðgjafar í Þjóðfræði eru Valdimar Tr. Hafstein, sími 678702 og Jón Jónsson, sími 73128.

Hlutverki nemendaráðgjafa er hægt að skipta í þrennt:

1. Að veita nemendum upplýsingar um einstök námskeið: umfang þeirra og námskröfur, áhersluþætti, innihald, kennara o.s.frv.. Auk þess að gefa almennar upplýsingar um námsleiðir.

2. Að vera milligöngumenn í kvörtunar- og kærumálum, ef með þarf.

3. Aðstoða við að koma hagsmunamálum áfram til rétttra aðila og benda á rétta aðila til að leysa hin ýmsustu vandamál sem upp koma í náminu.

Þannig má líta á nemendaráðgjafana sem fyrsta skrefið í því að fá úrlausn sinna mála, auk þess sem við erum alltaf tilbúnir til að spjalla um námið. Fyrst um sinn verður ekki um ákveðinn viðtalstíma að ræða hjá nýskipuðum nemendaráðgjöfum í Þjóðfræði. Hins vegar eru allir þeir sem vilja, hvattir til að stökkva á okkur hvar sem til okkar sést, í tímum, kaffistofum, göngum eða annarsstaðar. Auk þess mega þjóðfræðinemar hringja heim til okkar hvenær sem þeim þykir ástæða til.

Jón Jónsson

---

Konan: Að þú getir horft svona framan í mig.

Maðurinn: O, menn venjast öllum fjandanum.

---



# Þjóðstoð

Þjóðfræðinemar við H.Í.

## Fréttir af Þjóðstoð

Eins og þjóðfræðinimum er kunnugt hefur Þjóðstoð verið ein af burðarstöðum Hástoðar frá stofnun hennar. Auk þess að taka virkan þátt í stjórnun og skipulagningu Hástoðar, hefur Þjóðstoð umsjón með einu stærsta verkefni sem Hástoð hefur samið um, uppsetningu stríðsminjasafns á Reyðarfirði. Fyrirhugað er að því verki ljúki árið 1995. Vinnan við verkefnið hófst þegar í byrjun janúar, og fjórir þjóðfræðinemar taka þátt í henni til vors. Þegar hefur verið send áfangaskýrsla austur, sem greinir frá gangi verksins og niðurstöðum úr afmörkuðum verkþætti.

Búið er að setja af stað markaðsátak hjá Hástoð, sem er beint til aðila í ferðaiðnaði. Þjóðstoð mun taka virkan þátt í því, eins og öðru því sem Hástoð tekur sér fyrir hendur. Í tengslum við þetta markaðsátak er nauðsynlegt að stjórn Þjóðstoðar geri sér góða grein fyrir því hversu margir vilja vinna verkefni á vegum Hástoðar, og þá hvað umfangsmikil. Í því skyni er ætlunin að biðja þá þjóðfræðinema sem áhuga hafa, að fylla út fyrir okkur skráningarblað einhverntíma á næstu dögum. Þær upplýsingar sem þar koma fram verða færðar í gagnasafn Hástoðar um verkglæða háskólanema. Þetta skráningarblað verður betur kynnt í tíma.

Stjórn Þjóðstoðar er bjartsýn á að markaðssetning Hástoðar hjá aðilum í ferðaiðnaði skili einhverjum verkefnum til þjóðfræðinema. Þeir ættu því að íhuga vandlega hvort ekki sé tími aflögu til að vinna verkefni fyrir Hástoð. Þar fá menn tækifæri til að fá borgað fyrir vinnu við verkefni sem tengjast náminu og eru þar af leiðandi sérlega skemmtileg og áhugaverð.

Jón Jónsson,

deildarstjóri Þjóðstoðar.

## Brandarar

Hvað er líkt með fil? Hann hvorki þrjónar.

Segðu mér brandara. Kaupu þér standara.

Það var hérna einn kennari að tala við strák á leikskóla.

Strákur: Það er svo mikið af konum hérna.

Kennari: Já þetta er bara eins og í kvennabúri.

Strákur: Já einmitt.

Kennari: Veistu hvað kvennabúr er?

Strákur: Já auðvitað, á ég að segja þér það? Það er í sundlaugunum og það kemur fullt af gufu þar út.

1. Hafnfirðingur: Finnst þér gott að sofa hjá konum sem eru andfúlar á morgnanna, lykta eins og brennisteinsnámur og liggja kjurrar eins og skötur meðan þær gera það?

2. Hafnfirðingur: Nei auðvitað ekki.

1. Hafnfirðingur: Afhverju ertu þá að sofa hjá konunni minni?

## Félagsgjöldin

Góð innheimta var á félagsgjöldunum á haustdögum. Þeim fáu sem enn hafa ekki greitt félagsgjöld til Þjóðbrókar, og líðast af þeim sökum af stöðugum kvíða og öryggisleysi, skal bent á að þeir geta öðlast sálarró með því að greiða hinar littlu 1.000 kr. til gjaldkera, sem mun taka við þeim með brosi á vör. Betra seint en aldrei.

Þess má einnig geta að þeir sem ekki greiða félagsgjöldin verða að borga aðgangseyri kr. 1.000 kr. á Þorablótið næstkomandi föstudag.

Með kærri kveðju, gjaldkerinn.

*Útgefandi: Þjóðbrók félag þjóðfræðinema við Háskóla Íslands. Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Daniel Freyr Jónsson. Greinarhöfundar auk hans: Jón Jónsson, Birna Mjöll Sigurðardóttir, Þorbera Fjölnisdóttir, Sven Andre Aamodt.*

**Skóviðgerðir**  
**Mikið úrval af vörum fyrir skó og leður**

Skóarinn

**Reykjavíkurvegi 68. Hafnarfirði**  
**Hamraborg 1. Kópavogi**

## **Þorrablót**

Þorrablót þjóðfræðinema verður haldið næstkomandi föstudag að heimili háæruverðs formanns Daníels Freys Jónssonar (Eggertsgötu 10). Áætlað er að blótið hefjist klukkan 20:00 stundvíslega.

Mætum öll og verum hress